

Sþ.

44. Tillaga til þingsályktunar

[44. mál]

um viðskiptafulltrúa.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að komið verði á fót skrifstofum viðskiptafulltrúa á Ítalíu og Spáni.

Greinargerð.

Ég flutti á síðasta þingi tillögu til þingsályktunar í neðri deild Alþingis um sama efni og hér um ræðir. Tillagan var svo seint fram komin, að hún náði ekki að koma til umræðu. En henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Allmikil viðskipti eiga sér stað milli Íslendinga og þeirra landa, sem tilgreind eru í tillögunni. Seljum við þangað verulegan hluta af saltfiskframleiðslu okkar og nokkurn hluta skreiðarframleiðslunnar. Í hvorugu þessara landa höfum við búsettan sendiherra eða sendiráð. Sendiráðið í Osló annast sendiráðsstörfin á Ítalíu og sendiráðið í London sendiráðsstörfin á Spáni. Ólaunaðir ræðismenn eru þó að sjálfsögðu í báðum þessum löndum.

Útflutningur okkar til þessara landa nam á árinu 1968 samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar samtals 376 milljónum króna, og var þar nær eingöngu um sjávarafurðir að ræða, mest óverkaðan saltfisk, auk nokkurs magns af skreið, sem seld var til Ítalíu. Innflutningur frá þessum löndum nam á sama tíma 178 milljónum króna. Varðandi saltfiskinn er það vitað, að verð hans er oft á tíðum mjög óstöðugt og sveiflukennt og sölumöguleikar mjög misjafnir, sem hvort tveggja byggist á misjöfnum aflabrögðum og framleiðslu bæði Íslendinga og annarra þjóða, sem þessi lönd kaupa saltfisk og aðrar sjávarafurðir frá. Að sjálfsögðu fá sölusamtök okkar og þeir einstaklingar, sem þessi mál láta sig varða, upplýsingar um verðlag og markaðshorfur frá umboðsmönnum sínum. Hins vegar verður að telja, að hér sé um það veigamikil atriði að ræða í útflutningi okkar, að nauðsynlegt sé og eðlilegt, að Íslendingar hafi aðstöðu til að fylgjast svo að segja daglega með verðlagi og markaðshorfum í þeim löndum, sem hér um ræðir. Telur flm., að það yrði bezt tryggt með því, að þar yrðu staðsettir viðskiptafulltrúar, með þeim réttindum og skyldum, sem slíkum aðilum ber samkvæmt alþjóðavenjum. Auk þess yrði það að sjálfsögðu einnig aðalstarf þessara aðila að vinna að aukinni sölu, ekki einasta á sjávarafurðum, heldur einnig öðrum framleiðsluvörum okkar, sem hugsanlegt væri að selja til þessara landa.

Á það ber einnig að líta, að án efa mundi það greiða fyrir útflutningi okkar til þessara landa, ef innflutningur frá þeim hingað til lands ykist. Væri það vissulega einnig verkefni viðskiptafulltrúa að kanna alla möguleika í því sambandi og vinna að því. Mundi það og verða innflytjendum vara hér til hagræðis, ef þeir ættu aðgang að öruggum opinberum aðila með öflun nauðsynlegra upplýsinga í sambandi við starfsemi sína. Ljóst er, að hér yrði um nokkur aukin útgjöld að ræða, ef ekki kæmu til breytingar á öðrum sviðum utanríkisþjónustunnar, sem oft hefur verið rætt um. En á það ber að líta, að óefað mundi staðsetning viðskiptafulltrúa í þeim löndum, sem tilgreind eru í tillögunni, verða til hagræðis bæði fyrir útflutnings- og innflutningsverzlun okkar, og telur flm., að mjög komi til athugunar, að staðsettir yrðu, auk annarra sendiráðsstarfsmanna, sérstakir og sérmenntaðir viðskiptafulltrúar í sendiráðum okkar hjá þeim þjóðum, sem við höfum mest viðskipti við.“